



Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi lausn húsnæðisvanda sjö frístundaheimila

Á 152. fundi skóla- og frístundaráðs, 22. janúar 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir að fulltrúar í skóla- og frístundaráði verði upplýstir sem fyrst um það hvenær þau sjö frístundaheimili sem eru á biðlista eftir hentugra húsnæði fái lausn á sínum vanda. Hvernig er verið að vinna í því að finna lausn á húsnæðisvanda þessara frístundaheimila? Hvaða tímalínu er verið að vinna eftir miða við hvert og eitt frístundaheimili?

Svar:

Samantekt um stöðuna

Tjörnin: Óskir hafa verið sendar inn um bætt húsnæði frístundaheimilanna Selsins við Melaskóla, Draumalands við Austurbæjarskóla og Halastjörnnunnar við Háteigsskóla. Ekki liggur fyrir hvort eða hvenær þessar óskir um bætt aðstöðu komist til framkvæmda.

Varðandi bætt aðstöðu frístundaheimilisins Skýjaborga við Vesturbæjarskóla liggur fyrir ósk skóla- og frístundasviðs um að laga húnæði frístundaheimilisins við Vesturvallagötu og að farið verði í þá framkvæmd næsta vetur. Frístundaheimilið flytji starfsemi sína næsta vetur í Hringbrautarhúsið sem er á skólalóðinni á meðan á framkvæmdum stendur. Næsta sumar verði síðan Hringbrautarhúsið fjarlægt og skólalóð Vesturbæjarskóla kláruð og þá verði framkvæmdum við skólann og frístundaheimilið lokið.

Kringlumýri: Aðstaða frístundaheimilisins Neðstalands hefur verið bætt með tveimur færanlegum stofum sem komu haustið 2018 og í sumar á að grafa frá gluggum á jarðhæð í skólanum og stækka glugga í Fossvogsskóla sem mun bæta mjög aðstöðu mötuneytis og rýmis sem skólinn og frístundaheimilið geta samnýtt. Enn vantar þó upp á hjartarými frístundaheimilisins og samnýtt rými með skólanum en vegna raka og loftgæðavanda sem kom upp í skólanum þurfti að flytja allt skólastarf tímabundið annað. Vandí Neðstalands er enn til skoðunar og verið að leita lausna.

Gufunesbær: Húsnæði frístundaheimilisins Galdraslóðar er til umfjöllunar í starfshópi um mögulegar breytingar á skóla- og frístundastarfi í norðanverðum Grafarvogi. Sá starfshópur er að störfum.

Dalskóli: Frístundaheimilið Úlfabyggð flytur í nýtt húsnæði haustið 2019.

Samantekt vegna fyrirspurnar fulltrúa Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði um það hversu mörg frístundaheimili eru á biðlista eftir stærra eða hentugra húsnæði.				
Frístundamiðstöð	Starfsstaður	Staðsetning - heimilisfang	Er á bið eftir stærra eða hentugra rými (óskir/athugasemdir hafa verið sendar)	Athugasemdir framkvæmdastjóra v. húsnæðis
Tjörnin	Selið - Frístundaheimili Melaskóla	Hagamel 1	Já	Hluti af hjartarými eru 2 stofur sem eru nýttar af skólanum á morgnana. Það er orðið þröngt um starfseminna í Selinu vegna fjölda barna í hverfinu.
	Skýjaborgir - Frístundaheimili Vesturbæjarskóla	Vesturvallagötu 10	Já	Lagfæra þarf húsnæðið við Vesturvallagötu þar sem starfsemi Skýjaborga fer fram.
	Draumaland - frístundaheimili Austurbæjarskóla	Vitastíg	Já	Það er orðið þröngt um starfsemi Draumalands vegna fjölda barna í hverfinu.
	Halastjarnan - frístundaheimili Háteigsskóla	Háteigsvegi	Já	Það er orðið þröngt um starfsemi Halastjörunnar vegna fjölda barna í hverfinu.
Kringlumýri	Neðstaland - frístundaheimili	Haðalandi 26	Er á bið og í vinnslu	Hjartarými of lítið miðað við fjölda barna. Húsnæði skólans er sprungið því er líka vöntun á samnýttu rými.
Gufunesbær	Galdraslóð - frístundaheimili Kelduskóla -Vík	Hamravík 10	Óskir liggja fyrir um stærra rými fyrir frístundaheimilið	Aðstöðuleysi háir starfseminni og erfiðlega gengur að halda utan um starfið þar sem það er staðsett á mörgum stöðum í skólarýminu. Hjartað er helmingi minna en það á að vera skv rýmissamningi frístundaheimila.
Rekið af grunnskólum	Úlfabyggð frístundaheimili Dalskóla	Úlfarsárbraut 118-120	Já haust 2019	